

Námsmatstefna  
Grunnskóla Grundarfjarðar  
2025-2027

## Efnisyfirlit

Námsmatstefna.....	0
Inngangur .....	2
Tilgangur .....	2
Grunngildi Námsmats .....	3
Markmið námsmats .....	3
Tegundir námsmats .....	3
Leiðsagnarmat.....	3
Heildstætt lokamat .....	4
Matsaðferðir .....	4
Val matsaðferða fer eftir: .....	4
Námsmat og inngilding .....	5
Upplýsingagjöf til foreldra .....	5
Ábyrgð og eftirfylgni .....	5
Tengsl við Aðalnámskrá .....	6
Samræmd könnunarpróf .....	6
Lokaorð .....	6

## Inngangur

Öllum skólum er skylt að setja sér námsmatsstefnu sem byggir á lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Í námsmatsstefnu skal koma fram hver tilgangur námsmats er og hvernig námsmat er framkvæmt.

Tilgangur námsmats grundvallast á lögum um grunnskóla nr.91/2008 en þar stendur í 27. gr.:

*„Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.*

Í aðalnámskrá grunnskóla segir m.a. um námsmat: *“Námsmat á að vera órjúfanlegur hluti af námi og kennslu og mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar þeirra fái vitneskju um forsendur námsmats og að nemendur séu meðvitaðir um matsviðmið sem liggja til grundvallar námsmati svo þeim sé ljóst til hvers er ætlast af þeim.,,*

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

*“Megintilgangur námsmats er að safna upplýsingum um námslega stöðu nemenda. Þannig fæst staðfesting á hvort nemendur hafi tileinkað sér þá þekkingu, Leikni, og hæfni sem felst í þeim hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og matsviðmiðum sem unnið er að hverju sinni. Með námsmati fást upplýsingar um námslega stöðu nemenda á þeim tímapunkti sem þeirra er aflað. Þegar upplýsingar úr námsmati eru nýttar með markvissum hætti er meðal annars unnt að styrkja kennslu og kennsluáðferðir til að efla námsárangur nemenda og efla samstarf og samskipti heimila og skóla.,,*

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

## Tilgangur

Tilgangur námsmats er m.a. að:

- styðja við nám og framfarir allra nemenda,
- veita nemendum, foreldrum og starfsfólki skýrar og gagnlegar upplýsingar um stöðu og þróun náms
- stuðla að sanngirni, gagnsæi og fagmennsku
- efla sjálfsmat nemenda, ábyrgð þeirra á eigin námi og trú á eigin getu

## Grunngildi Námsmats

Námsmatið fer fram með fjölbreyttum hætti sem er skráð allan veturinn þ.e. frammistaða, skil á verkefnum og heimanámi, vinnubrögð og vandvirkni. Mat er gefið á árangur við skýrslugerð, ritgerðir og verkefnavinnu ýmis konar, og prófamat er notað þar sem árangur á prófum er metin. Námsmat þarf að taka tillit til einstaklingsins eftir þroska hans, hæfni, getu og bakgrunni.

Námsmat í Grunnskóla Grundarfjarðar er:

- Leiðsagnarmiðað – notað til að bæta nám, ekki einungis meta árangur.
- Inngildandi – tekið mið af ólíkum forsendum, tungumáli, menningu og námsþörfum.
- Fjölbreytt – byggt á fjölbreyttum aðferðum.
- Gagnsætt – viðmið og markmið eru skýr fyrir nemendum og foreldrum.
- Sanngjarnt – allir nemendur metnir út frá raunhæfum og viðeigandi viðmiðum.

## Markmið námsmats

Námsmat á m.a. að:

- Greina stöðu nemenda í námi og velferð.
- Fylgjast með framförum yfir tíma.
- Styðja kennara við að aðlaga kennslu.
- Efla sjálfstæði nemenda og gera þá meðvitaða um eigið nám.
- Veita foreldrum reglulegar og skýrar upplýsingar.

## Tegundir námsmats

### Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat er megináhersla skólans og fer fram:

- daglega í kennslu,
- með munnlegri og skriflegri endurgjöf,
- með markmiðum sem nemendur skilja,
- með sjálfsmati og jafningjamati.

Leiðsagnarmat er notað til að:

- greina næstu skref í námi,
- styrkja jákvæða námsmenningu,
- auka virkni og ábyrgð nemenda.

## Heildstætt lokamat

Heildstætt mat er notað:

- í lok námstímabila,
- í námsmati í lok skólaárs,
- þegar gefin eru vitnisburðareinkunnir.

Heildstætt mat byggir á:

- fjölbreyttum gögnum úr námsferlinu,
- verkefnum, athugunum, könnunum og prófum,
- faglegu mati kennara.

## Matsaðferðir

Skólinn nýtir meðal annars:

- verkefnavinnu og kynningar,
- leiðsagnarkannanir,
- skrifleg og munnleg próf (þar sem við á),
- matslista og rubric,
- stafrænt námsefni og ferilmöppur,
- samtöl við nemendur.

Val matsaðferða fer eftir:

- aldri nemenda,
- eðli námsgreinar,
- markmiðum kennslu,
- þörfum einstakra nemenda.

## Námsmat og inngilding

- Námsmat tekur mið af:
- einstaklingsnámskrám og stuðningsúrræðum,
- aðlögun mats fyrir nemendur með sérþarfir,
- nemendum með annað móðurmál en íslensku,
- styrkleikum nemenda, ekki einungis áskorunum.

Aðlögun getur falist í:

- breyttu formi mats,
- lengri tíma,
- stuðningi eða túlkun,
- einfölduðu tungumáli.

## Upplýsingagjöf til foreldra

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um:

- stöðu og framfarir barnsins,
- námsmat og endurgjöf,
- styrkleika og næstu skref.

Upplýsingagjöf fer fram með:

- foreldrasamtölum,
- rafrænum samskiptakerfum,
- vitnisburðum og skýrslum.

## Ábyrgð og eftirfylgni

- Kennarar bera faglega ábyrgð á framkvæmd námsmats.
- Skólastjórn tryggir samræmi, gæði og endurskoðun stefnunnar.
- Námsmatsstefna er endurskoðuð reglulega í samráði við starfsfólk.

## Tengsl við Aðalnámskrá

Námsmatsstefna þessi byggir á:

- Aðalnámskrá grunnskóla,
- grunnþáttum menntunar,
- áherslu á hæfni hæfni og þekkingu nemenda.

## Samræmd könnunarpróf

Skólinn leggur fyrir alla bekki lesfímipróf í september, janúar og maí ár hvert en það eru samræmd lestrarpróf á vegum MMS. Einnig eru lögð fyrir lesskilningprófin Orðarún sem einnig eru á vegum Menntamálastofnunnar. Leskimunarpróf er lagt fyrir 1. bekk í október ár hvert. Nú í vetur eiga að koma ný samræmd könnunarpróf á vegum MMS í stærðfræði fyrir alla bekki grunnskóla sem skólinn hefur val um að leggja fyrir nema í 4. 7. og 10. bekk en skylda verður að leggja þau fyrir í þeim bekkjum.

## Lokaorð

Námsmat í Grunnskóla Grundarfjarðar er fyrst og fremst verkfæri til að efla nám, vellíðan og framtíðarmöguleika nemenda. Með faglegu, sanngjörnu og inngildandi námsmati er lagður grunnur að sterku skólasamfélagi þar sem allir fá að blómstra.